

Stöð í Stöðvarfirði

Fornleifarannsóknir 2017. Leit og rannsókn á
húsum



Forsíðumyndin sýnir tvöfalda silfurhúðaða glerperlu sem fannst í Húsi 2. (Fnr. 18. Ljósm.
BFE 2017).

FORNLEIFAFRÆDISTOFAN

© Bjarni F. Einarsson
Desember 2017.

1 Inngangur

Rannsóknirnar á Stöð sumarið 2017 voru annað sumar rannsókna að undangenginni forrannsókn (Bjarni F. Einarsson 2015 og 2017). Eins og áður voru þær styrktar af ýmsum aðilum, bæði opinberum og einkaaðilum og enn voru heimamenn sem sáu um ýmsan undirbúning eins og húsnæðismál, fæði, verkfæri o.s.frv.

Rannsóknirnar fóru fram dagana 1. til 29. júní síðastliðinn. Rústirnar eru nr. 16:1 í fornleifaskrá Fjarðabyggðar (Fornleifaskrá).

Við rannsóknirnar unnu, auk undirritaðs, fornleifafræðingarnir Ármann Dan Árnason, Hermann Jakob Hjartarson, Kalle Thorsberg, Kevin McAleese og Louise Olsson. Einnig tóku þátt fornleifafræðinemarnir Amanda Oxonius, Jessica Stocks, Indriði Skarphéðinsson, Pablo Barruezo Vaquero, Sakarias Lindberg, Rannveig Þórhallsdóttir og Sigurður Snæbjörn Stefánsson, en Sigurður útskrifaðist um miðjan júní. Að síðustu tók Þorgeir Eiríksson, áhugamaður um rannsóknirnar þátt í rannsóknunum.

Samstarfsmönnum mínum og þeim einstaklingum, stofnunum og fyrirtækjum sem lögðu hönd á plóginn á einn eða annan hátt, þakka ég góða samvinnu og góða viðkyrningu. Enginn nefndur og enginn gleymdur. Eins og í fyrra voru okkur færðar kökur og kaffi í tjaldið og var það mjög vel þegið. Sýnir það vel hug heimamanna og áhuga.

Fyrstu dagar rannsókna voru með afbrigðum erfiðir, bæði kallt, vott og vindasamt. Reyndar svo slæmt að ekki var hægt að byrja rannsókn í kring um skálana sem rannsakaðir voru síðastliðið sumar, heldur var þess freistað að grafa prufuholur við meintar rústir skammt frá skálunum. Ekki var hægt að ljósmynda né nota önnur tæki og tól og fella varð tjaldið í verstu hryðjunum. Var þetta erfiðasta byrjun á fornleifarannsókn sem undirritaður hefur upplifað, en það var huggun harmi gegn að ástandið gat bara batnað, enda varð það reyndin.

Það gladdi okkur að heimamenn voru sífellt að bera í okkur nýbakað brauð, kökur, flatkökur og tertur. Ekki nóg með að okkur væru færðar veigar á uppgrafterstað, heldur birtust stundum sendingar með góðgæti í húsið án þess að við vissum frá hverjum þær komu og einn daginn voru komnir hlýir vinnuhanskar í tjaldið og sendanda ekki getið. Er þessum aðilum færðar innilegar þakkir fyrir þessa gestrisni og gjafmildi, engin nefndur, engin gleymdur.

Eins og áður var Björgvin Valur okkur innan handar með ýmislegt og án hans væri allt mun erfiðara.

Öllum styrktaraðilum og öðrum þátttakendum eru færðar hinar bestu þakkir.

2 Markmið

Markmið þessa sumars var að kanna afstöðu skálanna tveggja, sem nú eru nær því staðfestir, og rannsaka austurenda þeirra á allar hliðar. Jafnframt var stefnt að því að staðfesta meintan langeld í húsinu/húsunum.

Þess var freistað að staðfesta af eða á hvort önnur hús leyndust á svæðinu og hvar. Þar á meðal voru tveir áhugaverðir staðir í túninu austur af skálunum sem getið var í fyrri skýrslu (skýrslu II). Einnig var aflangt hús rétt norðaustur af skálunum áhugavert með tilliti til þess hvort undir því kynni að leynast hús frá fyrstu tíð.

Langtímamarkmið rannsóknanna er eftir sem áður að kanna lífsviðurværi fólksins sem bjó á Stöð tímabundið eða til frambúðar, uppruna þess og hvenær það kom. Í því felst hugsanlegt skepnuhald, áslátturstækni (jaspisar, glerhallar, tinna og ópalar), gerð veggja og efni þeirra og stærð húsanna.

Ekki náðust öll markmið sumarsins og helstu ástæður þess voru að yngri skálinn reyndist mun stærri en ráð var fyrir gert og veður var með afbrigðum óhagstætt nær allan tímann á meðan á rannsóknum stóð, vætu- og vindasamt og kalt.

3 Staðhættir

Rústirnar eru um 30–40 m sunnan við gamla kirkjugarðinn á Stöð í sléttuðu túni á lágum hól eða hrygg. Í túninu eru bollar og lautir og dálítið mishæðótt. Sjá má nokkrar hugsanlegar rústir, auk hins meinta skála, á loftmyndum sem teknar hafa verið með drónum á árinu. Samkvæmt túnakorti frá 1920 hefur rústin legið á mörkum túns og haga eða móa. Túnið kallast Neðratún (Örnefnaskrá).

Ofan við og rétt innar í dalnum er Jafnidalur sem Þverá rennur úr. Í mynni Jafnadals er talsvert gljúfur sem áin rennur um og svo virðist sem áin hafi á stundum flætt yfir svæðið vestan eða innan við rústirnar og líklega skemmt þær að hluta. Sjá má í sniðum víðsvegar á svæðinu að flóð hafa verið stór áður fyrr og með þeim komið mikið af sandi sem flætt hefur yfir Tanga, Mýrarnar og út á grund, nær ánni. Sömuleiðis er líklegt að lækir hafi flætt yfir tún í vatnavöxtum, en nú hefur verið komið böndum á þá og renna þeir fyrir ofan bæinn í Þverá og svo áfram niður í Stöðvarfjarðará.

Auk líklegra skemmda á rústunum af völdum flóða í ám og lækjum, hefur svæðið verið sléttað á seinni árum og líklega hefur ýta jafnað svæðið þegar það var brotið upp í tún. Við það hafa yngstu rústirnar skemmst býsna mikið og eru aðeins slitur eftir af sumum.

4 Rannsóknin

Eftir að reitirnir þrír, A–C, höfðu verið opnaðir í fyrra lá ljóst fyrir hvar hin fornu hús lágu. Að vestan virtust þau sködduð af yngra húsi og því var ákveðið að opna stærri flöt austur af reit A, en jafnframt stækka reit A um tvo m til suðurs og einn m til norðurs og komast þannig fyrir ytri vegglinur húsanna. Þannig var reitur A orðinn 11 m langur og breidd hans jókst um 0,5 m til vesturs þegar ræma var grafin í haftið á milli reitar A og B til að fá fram gott þversnið til að teikna og kanna afstöðu hinna fornu húsa til hvors annars.



Mynd 1. Yfirlit yfir aðal rannsóknarsvæðið. Í forgrunni má sjá Prh. 1. (Stafrænar ljósmyndir nr. 47. Horft mót SSV. Ljósm. BFE 2017).

Um tíma lék grunur á að langeldur væri að koma í ljós austast í nýja reitnum og var hann því enn stækkaður um einn m til austurs. Þetta reyndist svo vera talsýn.

Í reit C var grafin 0,5 x 1 m leitarhola til að ganga úr skugga um að ekkert leyndist undir rúst 1 sem þar var. Á 0,1 m dýpi var komið niður á malarlag (ísaldarruðning) og því ljóst að þar var ekkert meira að finna.

Á svæðinu suður af reit A var komið niður á garð með grjóthleðslum á báðar hliðar og torf á milli. Er hann líklega ungur túngarður (sem sést á túnakorti) og er hann úr sögunni.

Á nýja reitnum sunnanverðum var komið niður á yngri minjar austur af reit B og var grafið í gegnum þær. Voru það nær hringlaga grjóthleðslur með mannvistarlagi og sótugum steinum í kring. Inni í hleðslunni sunnanverðri var hringlaga far eins og eftir tunnu eða sá. Reyndist dýpt þessa fars vera 1–2 sm. Mannvirkið hafði skaddað suðurvegg húss 2. Hvers kyns mannvirki þetta var liggur ekki fyrir, en það lá rétt undir grasrótinni. Eru þær minjar einnig úr sögunni (sjá teikningu).

Notuð var lítil vélgrafa eins og í fyrra til að fletta grasrótinni ofan af svæðunum og snemma þótti koma í ljós að það var ekki hægt að grafa mjög djúpt með henni vegna grjóts úr meintum veggjum. Síðar kom þó í ljós að það voru steinar úr hinum óþekkta hringlaga mannvirki og hefði því mátt fara nokkuð dýpra víðast hvar annarsstaðar. Þetta tafði uppgröft nokkuð, en allur var varinn góður. Við tók nú handvirkur gröftur sem eftir var tímans.




Mynd 2. Yfirlit yfir rannsóknarsvæðið teiknað í loftmynd. (Ljósmynd/teikning. BFE 2017).

Sett var upp sama hnitakerfi og í fyrra og var hæll við suðausturhorn reitar A skírður X 100 Y 200 eins og áður greinir. Hæðarpunkturinn frá því í fyrra var nú færður og eins tommurör slegið niður í hnitakerfið við X 100 Y 220 og hæð hans var 6,00 m yfir sjávarmáli miðað við fyrri hæðarpunkt.

Byrjað var á því að grafa í þunnum lögum eins og í fyrra og þannig koll af kalli. Með reglulegu millibili var dróna flogið yfir og hvert svæði fyrir sig ljósmyndað, en slík flug voru samtals a.m.k. sjö sinnum yfir öllu aðalsvæðinu (reit A með stækkunum).

Þegar komið var niður að gólfum voru öll góflög blautsigtuð.

Eitt snið var teiknað á aðalsvæðinu, en það var þversnið á skálana tvo (hús 2 og 3) til að fá innbyrðis afstöðu þeirra á hreint. Þegar búið var að opna og hreinsa var það teiknað í mælikvarðanum 1:50, en að öðru leyti voru drónamyndir notaðar sem undirlag við teikningar sem gerðar voru í tölvu. Snið í öllum prufuholum var teiknað eftir ljósmynd, en stafrænar ljósmyndir sýna gjarnan betur einstök lög og hægt að rýna betur í sniðin. Á stundum getur verið heppilegt að nota flass til að draga fram einstök lög og þá sérstaklega gjóskulög.



Mynd 3. Mannvirki suður af húsi 2. Norður vísar upp. (Teikn. nr. 6).

Aðeins var notuð stafræn myndavél og dróni til ljósmyndatöku og kvikmyndatökur eftir því sem rannsóknunum leið fram (Canon EOS 550D/ Phantom 3).

Allir gripir fengu sitt einstaka númer og voru þeir mældir inn í hnitakerfi og hæðarmældir. Margir gripir voru ljósmyndaðir á vettvangi og þær myndir eru notaðar í þessari skýrslu, nema annað sé tekið fram. Hætta varð þessari ljósmyndum vegna veðurs og lélegra birtuskilyrða. Í einstaka tilfellum voru fleiri en einn gripur undir sama númeri.


Viðargreiningar annaðist dr. Ólafur Eggertsson á Mógilsá, Rannsóknarmiðstöð Skógræktar ríkisins. Gjóskugreiningu annaðist prófessor Þorvaldur Þórðarsson, eldfjallafræðingur í Háskóla Íslands. C-14 greining var framkvæmd hjá Beta Analytic Inc. í Florida, USA. Allir gripir úr jaspis/ópal, glerhalli og tinnu voru rannsakaðir af Kalle Thorsberg með tilliti til ásláttutækni. Öllum þessum aðilum eru þökkuð aðstoðin.

5 Prufuholur

Grafnar voru þrjár prufuholur á túninu rétt utan við húsin og var tilgangur þeirra að staðfesta hvort þar kynnu að leynast hús eins og yfirborðskönnun og loftmyndir gáfu til kynna að væru þar til staðar.

Prufuhola 1 (SV-horn: E 738479 N492145)

Holan var grafin handvirkt syðst í stóra rúst sem liggur undir ungum reykkofa skammt NA af skálanum. Stærð rústarinnar er um 9 x 30 m, en hugsanlega er um fleiri minni rústir að ræða. Efst á rústinni er 20. aldar reykkofi. Stærð holunnar var 1 x 2,97 m (N - S) og mesta dýpt hennar í



Mynd 4. Sniðteikning af Prh. 1. Sýni 1 var tekið úr m-laginu neðst til hægri. (Teikn. nr.1 og 5).

suðurhluta var 1,19 m undir yfirborði (+5,54 m) og í norðurhluta var mesta dýpt 1,21 m undir yfirborði (+5,72 m).

Komið var niður á nokkrar kynslóðir húsa, en flestar ungar. Elst virðist vera hús eða mannvirki sem var yngra en 1362. Ofan á henni voru hugsanlega slitur úr yngri mannvirkjum, en engin mynd fannst á þeim. Neðst í holunni norðanverðri var svart kolaskotið lag ofan á ísaldarskriðu sem ekki var gólf(?) svo að öruggt sé. Hugsanlega eru það mannvistarlagsslettur, en sé það gólf þá eru mestar líkur á að það sé hluti af húsinu sem torfveggurinn tilheyrir og þá hefur það gólf verið grafið niður í malarlagið eins og sést til vinstri á teikningunni (mynd 3). Annað eins lag var undir torfveggnum og ekki ljóst hvort þetta var sama lag og var í norðurhlutanum, sennilega ekki. Um aldur hins síðastnefnda lags verður lítið sagt, en vegna þess að það lá nánast beint ofan á skriðunni eru líkur til þess að það kunnist vera frá fyrstu tíð. Úr syðra laginu var tekið eitt viðarkolasýni (sýni 1).

Ofan á mannvistarlaginu í suðurhlutanum lá malarlag með frekar stórum steinum og líkur eru til þess að þetta sé skriða sem fallið hefur eftir að búseta hófst á staðnum. Ámóta lag fannst einnig ofan á norðurvegg yngri skálans (Hús 2). Sé þetta hluti af sama lagi þá er ljóst að neðsta mannvistarlagið er fornt.

Í prufuholunni ofarlega fundust rúðugler og ungt leirtau með hvítum glerungi og grænni sliktu og skreyti. Þessir gripir tilheyra mjög ungum mannvirkjum og gætu verið tilkomnar á staðinn þegar tún voru brotin upp. Neðarlega við botn fannst járn (nagli) áfast steini.

Prufuhola 2 a og b. (SV-horn a: E 738534 N 492109)


Rústin sem prufuholan var grafin handvirkt í er ógreinileg á yfirborði túns, en gæti verið um 6–7 m í þvermál. Sléttað hefur verið yfir hana í seinni tíð og er hún vel gróin grasi.

Holan var austasta prufuholan á svæðinu um 63 m austur af skálunum. Stærð hennar var 1 x 1 m. Taka þurfti aðra 1 x 1 m stóra holu við SV-hornið.

Dýpt holunnar (2a) var 0,61 m við miðju suðurhliðar og var það niður á gólfið. Vel yfir gólfinu sást V-1477 og Ö-1362 gjóskur *in situ*.

Dýpt 2b var 0,46 m niður á gólfið, en neðar var ekki grafið.

Í holu a lágu sótugar hellur á gólfi og í holu b mátti sjá sömu hellur og hellur á rönd sem tilheyrt hafa sama mannvirki.



Mynd 5. Sniðteikning í Prh. 2a. Gólfið sást illa í sniðinu, en græna línar sýnir leguna með miklu öryggi og hellan lá ofan á því. (Teikn. nr. 3).

Hugsanlega er þetta eldstæði, en eldstæði hefur verið í húsinu. Þetta geta einnig verið gólfhellur og þá er eldstæðið í næsta nágrenni. Þvert á holuna voru skil í jarðlögunum (sbr. mynd 6, lóðrétt lína) og þau geta verið vísbending um set í húsinu að húsið hafi verið þrískipa. Liggja þá hellurnar í miðskipi.

Eitt viðarkolasýni var tekið úr gólfi a, sýni 7, og annað úr b (sýni 8). Þar fannst lítil flaga úr ljósbrúnni sleginni tinnu. Gólfið var kolaborið með ösku og sóti. Ekki varð vart við brennd bein.

Hugsanlegt er að þarna hafi staðið lítið vinnuhús og fær það númer 4. Svipuð hús má finna í Hólmi (Bjarni F. Einarsson 2015:161 o.áfr.) og í Vatnsfirði (Karen Milek 2003, 2006, 2012). Þau eru túlkuð sem vinnuhús með ýmsum hlutverkum. (Sjá mynd 5 og 6).

Prufuhola 3. (SV-horn: E 738507 N 492132)


Rústin sem prufuholan var grafin handvirkt í er ógreinileg á yfirborði túns, en gæti verið um 7 m í þvermál. Sléttað hefur verið yfir hana í seinni tíð og er hún vel gróin grasi.

Holan var um það bil mitt á milli skálanna og prufuholu 2, eða um 33 m austur af skálanum. Stærð hennar var 1 x 1 m. Dýpt hennar var 0,75 m við miðja suðurhlíð. Dýptin niður á gólfið var 0,54 m, en það var brúnleitt og lífrænt með einstaka viðarkolamolum. Vel yfir gólfi sáust V-1477 og Ö-1362 gjóskur *in situ*. Eldstæði hefur ekki verið í húsinu, þar sem sótt og aska skorti og of lítið af viðarkolum.

Í dálíttilli holu í gólfinu við norðursnið holunnar lágu morkin óbrennd bein, en annars varð ekki vart við bein. Í suðursniði sást pinnahola, spíssuð,



Mynd 6. Botn Prh. 2a. Sjá má lábarðar hellur á gólfi. Upp er mót V. Önnur hola var svo grafin skáhalt á mótí þessari, uppi til vinstri (Stafrænar myndir nr. 1. Ljós- BFE 2017).



Mynd 7. Sniðteikning í Prh. 3. (Teikn. nr. 4).

um 5 sm í þvermál og 7–8 sm djúp. Í norðursniði var önnur víðari hola í gólfi, en þó ekki eins djúp.

Á 0,3 m dýpi (í hreifðu lagi/ mannvistarlagi ofan við gólf) fannst lítil sleginn flaga úr grárri tinnu.

Hugsanlegt er að þarna hafi staðið lítið geymsluhús/ vinnuhús/skepnuhús og fær það númer 5. (Sjá mynd 7 og 8).



Mynd 8. Ljósmynd af sniðinu sem teiknað var í Prh. 3. Niðri til hægr er leitarhola til að kanna hugsanleg mannvirki undir, sem ekki reyndist vera. (Stafrænar myndir nr. 10. Horft mót S. Ljós. BFE 2017).

5 Hús 2 - 3

Haldið var áfram að rannsaka hús 2 (yngri skáli) og lítilla hús 3 (eldri skáli). Sá hluti húss 2 sem rannsakaður var er austur af reit A, sem rannsakaður var síðastliðið sumar og svo reitir sem opnaðir voru eins og fram kemur hér að framan. Þess var freistað að komast fyrir austurgöfl hússins, en fljótlega kom í ljós að hann var mun lengra til austurs en ráð var fyrir gert. Það kann að þýða að erfiðara mun reynast að komast fyrir stærð eldri skálans þar sem sá yngri hefur eytt báðum göflunum á þeim eldri. Þó eru vísbendingar um að sá yngri sé dálítið á skjön við þann eldri og þá kann að vera að stærð þess eldri verði greinanleg.

Í húsi 3, sem liggur beint undir húsi, var aðeins mjó ræma rannsökuð austan megin við þversniðið sem grafið var í gegnum bæði húsin (teikning nr. 2 og 8).

Hús 2, skáli

Veggur hússins var úr torfi með grjóthleðslum bæði að innanverðu og utanverðu í a.m.k. 2–3 lögum í báðum tilfellum. Ekki er alveg ljós hvaða gerð af streng veggurinn var hlaðinn í, en líklega er það þverstrengur.¹ Í miðju veggjarins var kjarni (blandaður mold) úr möl, allavega að hluta. Þar sem veggur sást lá hann beint ofan á vegg elsta hússins og virtist sem hann hafi meðvitað verið lagður ofan á hann. Norðarlega í V-sniði reitar A, mátti sjá vísbendingu um að eldri veggurinn hafi verið sléttaður og sá yngri settur beint ofan á hann og það er ekkert áfok á milli. Breidd veggja getur hafa verið tæpir 2 m með viðbót. Upphafleg breidd fyrir viðbót, hefur verið nálægt 1,2 m. Þessar stærðir verða skoðaðar nánar síðar.

Breidd hússins að innanverðu er 5,8 m. Einhverntímann á seinni stigum hefur mjór veggur verið hlaðinn með veggnum að innanverðu og þá hefur

¹ Þverstrengur er strengur sem liggur þvert á vegginn og þvert á stefnu hússins. Langstrengur liggur langsum með veggnum og í sömu stefnu og húsið.



Mynd 9. Yfirlit yfir Hús 2, eftir að rannsókn lauk 2017. Sjá má svart miðskipið með hellum á gólfi. Sín hvoru megin við það eru hliðarskipin. (Stafrænar myndir nr. 85. Horft mót A. Ljósmyndir BFE 2017).


breiddin orðið 4,9 m.² Þessi viðbót náði þó ekki eftir öllum veggjum eins og framkemur á mynd 9 og 10. Slíkt fyrirkomulag hefur ekki sést áður í húsum á Íslandi svo að kunnugt sé. Hver tilgangurinn hefur verið liggur ekki ljóst fyrir, en hann gæti verið sá að einangra vegginn betur, styrkja hann eða hvoru tveggja. Torfið var býsna frábrugðið því torfi sem annars var notað í aðalveggina og þá er átt við litarhaftið á því. Tvær meintar stoðarholur fundust upp við viðbótarvegginn, önnur rétt við austursnið reitar A og hin tæpa tveimur m austar. Þegar á leið gröftinn hurfu þessar vísbendingar (ekki teiknaðar).

Líklega hefur Hús 1, sem rannsakað var 2016, verið byggt ofan í vesturhluta hússins og stytt það. Hefur vesturhluti hús 3 líklega einnig skaddast við þessa byggingu. Svárið við þessari spurningu liggur í bakkanum á milli reitanna (B og C).

Ef loftmynd er skoðuð gæti lengd skálans verið á bilinu 25–30 m. Fáir skálar sem rannsakaðir hafa verið frá 9.–10. öld eru svo langir. Lengstur af hinum rannsökuðu skálum er skálinn á Hofstöðum í Mývatnssveit sem er frá 10. öld. Hann var 38,4 m langur og 9,5 m breiður að ytra máli (Lucas 2007:106). Lætur þá nærri að innri mál hafi verið um 36 m á lengdina og 7 á breiddina. Skáli á Hrísrú í Mosfessveit var 25,2 m langur og 5,1 m breiður að innra máli (Zori 2010:582). Þetta þýðir að ytri mál hans hafa verið nálægt 28 m á lengdina og 7,5 á breiddina. Skálinn er að upplagi frá 10. öld. Báðir þessir skálar hafa verið túlkaðir sem veisluskálar höfðingja.

Einnig má nefna skála á Geirsstöðum í Hróarstungu sem var lítillaga rannsakaður árið 1997. Var hann 28 m langur að ytra máli (Steinunn Krisjánadóttir 1997:29). Rústin er ekki örugglega aldursgreind og er að mati undirritaðs líklega yngri en yngri skálinn á Stöð ef marka má

² Þegar myndir frá 2016 eru skoðaðar kemur í ljós að þessi veggur sést á yfirborði reitar A, bæði að sunnan og norðan, en þá gerði höfundur sér ekki grein fyrir því að um mjóan viðbótarvegg var að ræða. Sömu sögu er að segja um sunnanverðan reit B, en þar var þetta mun óljósara.



Mynd 10. Flatarteikning af Húsi 2. Rautt sýnir reiti frá 2016. Langveggir að sunnanverðu ekki litaðir, en ytri mörk þeirra eru óljós, en þó hægt að áætla þau með góðu móti. Á svæðinu neðan við Reit A náði gólf um allan flötinn og sömu sögu má segja um Reit A. (Teikn. nr. 9).

byggingarlagið, eða frá 11.–13. öld.

Lengsti skáli sem þekktur er á Íslandi er um 43 m að ytra máli og 11 m á breiddina, en það er Böðmóðstunga í Skaftarhreppi, en engar rannsóknir hafa farið þar fram (Brynjúlfur Jónsson 1909:10-12). Næstur þar á eftir eru Hofstaðir í Mývatnssveit.

Breidd skála segir ekki mikið um lengdina því breiddin er nokkuð óháð lengdinni, en hún getur verið margfeldi af 1,5 x breiddin (eins og yngri fasi í Vatnsfirði. Ragnar Edvardsson 2004:9), 2,29 x breiddin eins og Herjólfssdalur I í Vestmannaeyjum. (Margrét Hermannsdóttir 1989:9), en þar er breiddin 5,76. Því lengri sem skálarnir eru því mjórri eru þeir miðað við lengdina. Miðað við þetta gæti lengdin á yngri skálanum á Stöð verið stuðullinn 5,8 x breiddin 5 eða 29 m.

Miðskip skálans á Stöð var eitthvað lægra en hliðarskipin og gat munað um allt að 10 sm, einkum var munurinn áberandi að norðanverðu. Að sunnanverður var munurinn jafnvel enginn. Breidd skipanna var nokkuð svipuð, en að norðanverðu mjókkaði hliðarskipið aðeins til vesturs.

Nú er nokkuð ljóst að gólfið í húsinu er vel varðveitt þar sem það var rannsakað nú. Náði það yfir bæði miðskip og hliðarskip, en var þó sýnu þynnra í hliðarskipunum þar sem það var um 1–2 sm á þykkt. Í miðskipi var það ríkt af lífrænum leifum, en annars var það ríkt af viðarkolum, brenndum beinum, sóti og ösku. Þar var gólfið jafnframt hellulagt (ekki enn ljóst hve stórt svæði var hellulagt). Allt bendir til þess að gólfið í nyrðra hliðarskipi sé samnýtt gólfinu í húsi 3, eldra húsinu. Gólf miðskips voru ekki fullrannsökuð og því ekki hægt að átta sig á þykkt þess, en það hefur ekki verið undir 3–5 sm.

Þvert yfir skálann var greinilegt skilrúm sem markaðist af steinaröð. Þar hefur líklega staðið timburpil.



Mynd 11. Norðurveggur Húss 2. Hér má sjá aðalvegginn hægra megin og viðbótina til vinstri, en hún er með öðrum litum en sá fyrrnefndi. (Stafrænar myndir nr. 57. Horft mót V. Ljósm. BFE 2017).



Mynd 12. Hugsanlega gjóska úr E-934 ofan á gólfi Húss 2. Ofan á gólfinu sér í viðbótarvegginn og undir honum stendur brýni úr erlendu flögubergi út úr sniðinu (Fnr. 263. Stafrænar ljósmyndir nr. 37. Horft mót A. Ljósm. BFE 2017).

Mynd 13. Þversnið í gegnum Hús 2 og 3, auk ungs túngarðs. Eins og sjá má er yngri veggurinn nær beint ofan á hinum eldri og sá eldri hefur verið grafinn niður í skriðu til að veða upp hallann á henni. (Teikn. nr. 2 og 8).

Þegar grafið var norðan við reit B kom veggur húss 2 í ljós og þar reyndust einnig vera dyr eins og talið var mögulegt í skýrslu I (Bjarni F. Einarsson 2017:19). Breidd þeirra liggur ekki fyrir en hún er að minnsta kosti 1 m. Ekki náðist að grafa þar niður á gólf, en líkur eru til þess að dyrnar séu hellulagðar, en gólfhellur lágu rétt innan við dyrnar.

Ekki fannst langeldur í húsi 2, en hann gæti enn leynst á svæðinu sem nú var kannað. Í reit B fundust vísbendingar um langeld og nú bendir allt til þess að það mannvirki tilheyrir húsi 3, elsta húsinu. Það kemur ekki í ljós fyrir en búið er að kanna hús 2 til hlítar.

Hugsanlega fundust slettur af gjósku ofan á gólfinu í húsi 2 og undir yngri torfveggnum (viðbótinni) og mestar líkur til þess að það sé úr Eldgjá 934. Sýni var tekið til að fá þetta á hreint (ógreint enn). Sé þetta rétt hefur húsið staðið þegar gosið átti sér stað, gjóska fokið inn í það og viðbótarveggurinn verið byggður eftir það gos (sjá mynd nr. 11).

Yfir norðurveggnum var þunnt malarlag (10–15 sm þykkt) sem mjög líklega hefur fallið sem skriða yfir vegginn. Þetta hefur líklega gerst eftir að húsið var orðið að rúst, því engin ummerki voru um að einhverjar hamfarir hafi átt sér stað í húsinu, en ekki hefur þetta verið mikil skriða, allavega ekki svo neðarlega í hlíðinni.


Samtals voru þrjú sýni tekin í húsi 2, eitt gjóskusýni og tvö viðarkolasýni. Gjóskusýnin voru auk þess sem þegar hefur verið getið úr afmarkaðri slettu ofan á gólfi í suðurseti sem gæti verið landnámslagið frá 871±2 og tvö viðarkolasýni úr suðurseti og miðskipi.

Um gripi verður fjallað í sérstökum kafla.


Hús 3, skáli

Hús 3, sem staðfest var síðastliðið sumar var





Mynd 14. Hlutfall innlendra og erlendra efnisflokka á Stöð árið 2017.



Mynd 15. Hlutfall innlendra og erlendra gripa á Stöð frá upphafi rannsókna. Ekki eru tvö ung leirtausbrot, flösku- og rúðugler talin með hér.

lítið rannsakað nú. Þó var grafinn 0,5 m breiður og 10,9 m langur skurður þvert á bæði hús 2 og 3 til að fá fram afstöðu húsanna í jarðlögnum (sjá mynd 13). Í skýrslu I kom eftirfarandi fram um húsið:

Veggir hússins lágu beint undir yngra húsi eins og áður hefur komið fram. Voru þeir að mestu leyti jafn breiðir en munurinn á þeim var sá að ekkert grjót var í vegg elsta hússins.

Norðurveggurinn var byggður nánast beint ofan á mól sem líklega var forsöguleg skriða úr fjallinu. Gólfið var að mestu sömuleiðis nánast beint ofan á þessu lagi.

Veikar vísbendingar voru um að í norðurhluta hússins hafi verið set eða bekkir vegna hallans sem þar var á gólfinu. Var þetta meinta set einnig nánast beint ofan á skriðunni og hefur verið mokað þar til í þeim tilgangi að lækka þar gólfið innan við vegginn. Engar slíkar vísbendingar sást í suðurhlutanum, en miðja hússins virðist liggja lægra sem gefur fyrirheit um set.

Breidd hússins að innanverðu hefur verið hin sama og Húss 2, eða um 5,3 m. Telst þetta vera í breiðari kantinum fyrir skála á Íslandi. Skálinn á Granastöðum var t.d. 5,4 m á breidd (Bjarni F. Einarsson 1995), eldri skálinn í Hólmi í Nesjum var 3,8 m breiður en sá yngri 4,8 m (Bjarni F. Einarsson 2015), skálinn í Vogu var 4,1 m á breidd (Bjarni F. Einarsson 2011) og skálarnir í Herjólfssdal voru á bilinu 3,4–3,5 m breiðir (Margrét Hermanns-Auðardóttir 1989), en það sver sig nokkuð í ætt við 11. og 12. aldar skála eins og á Þjótanda, en þar voru þeir 2,2–3,4 m á breidd (Bjarni F. Einarsson o.fl. 2009 og 2011) og í Sveigakoti 1, en þar var skálinn 3,5 m breiður. (Milek 2003). Þó nokkrir skálar eru breiðari og jafnvel mun breiðari eins og á Ísleifsstöðum, eldri skálinn, en hann var 5,6 m á breidd (Stenberger 1943), skálinn í Aðalstræti 14–16 var 5,8 m (Milek 2006), á Hofstöðum í Mývatnssveit var skálinn 6 m (Lucas 2009) og í Hvítárholti var sá breiðassti 6,25 m á breidd. (Þór Magnússon 1973).

Í gólfinu voru þrjár pinnaholur. Ein við norðurvegginn og tvær við suðurvegginn. Líklega mun þeim fjölga þegar grafið verður niður úr gólfinu. Þessar pinnaholur geta hafa verið hluti af innri innréttingu í húsinu svo sem set, pallar eða aðrar óþekktar innréttingar.

Á suðurvegg voru líklega dyr, sem einnig voru í Húsi 2 á sama stað og sóttug hellulögn austast í reit B sem svipaði um margt til langeldar var líklega hluti af þessu húsi.

Hugsanleg lengd skálans gæti verið um 20 m ef marka má vísbendingar í síðasta fasa uppgrafarins.

Gólfið í húsinu varð þykkara eftir því sem sunnar dró og var syðsti hlutinn afar viðarkolaríkur rétt eins og húsið eða hluti þess hafi brunnið. Þetta mun skýrast síðar.

Úr húsinu voru tekin átta sýni, sex viðarkolasýni og tvö gjóskusýni.

6 Gripir

Talsvert fannst af gripum við rannsóknirnar eins og í fyrra. Samtals voru 263 fundanúmer skráð og í fáeinum tilfellum voru gripirnir fleiri en einn

| Efni | 2015-16 | 2017 | Hús 1 | Hús 2 | Hús 3 | Hús 2/3 | Prufuhola | Annarsstaðar | Samtals |
|--------------|---------------|------|-------|---------------|-----------|---------|------------|--------------|---------|
| Bein | 2 (fluglab.?) | 18 | 1 | 18 | | 1 | | | 20 |
| Blý | 1 | 2 | | 2 | 1 | | | | 3 |
| Brons | 1 | 1 | | 1 | | 1 | | | 2 |
| Flöguberg | 10 | 19 | 3 | 3 + 15 | 2 | 4 | | 2 | 29 |
| Geislasteinn | 1 | 3 | | 3 | | 1 | | | 4 |
| Gjall | 20 | 1 | 4 | | | 16 | | 1 | 21 |
| Gler | 6 | 13 | | 8 | | 6 | 1 | 4 | 19 |
| Glerhallur | 29 | 65 | 7 | 64 | | 22 | | 1 | 94 |
| Jaspis | 17 | 63 | 6 | 59 | 1 | 11 | | 3 | 80 |
| Járn | 85 | 104 | 5 | 85 | 11 | 80 | Prh 1:1 | 7 | 189 |
| Kléberg | 21 | 3 | 6 | 3 | | 15 | | | 24 |
| Kopar | 0 | 1 | | 1 | | | | | 2 |
| Látún | 0 | 0 | | | | | | | 0 |
| Leður | 0 | 0 | | | | | | | 0 |
| Leir | 0 | 2 | | | | | | | 2 |
| Ópall | 2 | 0 | | | | 2 | | | 2 |
| Sandsteinn | 3 | 1 | | 1 | 3 | 2 | | | 4 |
| Silfur | 3 | 6 | | 1 + 3 | 3 | 2 | | | 9 |
| Skel | | 1 | | 1 | | | | | 1 |
| Steinn | 12 | 11 | 2 | 1 + 8 | | 9 | Prh. 1:1 | 2 | 23 |
| Textíll | 0 | 0 | | | | | | | 0 |
| Tinna | 1 | 7 | | 4 | | 1 | Prh. 2&3:2 | 1 | 8 |
| Tré | 1 | 0 | | | | | | | 1 |
| Ull | 0 | 0 | | | | | | | 0 |
| Annað | 1 | 3 | | | | | | | 4 |

Tafla yfir gripum sem fundist hafa. Ef gripur fannst í brotum telst hann vera einn. Ekki er tekin afstaða til vafaatriða. Búlduleitar tölur sýna gripum fundna 2017. Þessar tölur kunna að breytast lítillega þegar farið verður nánar í fundaskrárnar. Viðurinn frá 2016 voru lítilfjörlegar leifar á nagla sem ekki var hægt að bjarga.

undir hverju fundanúmeri. Af þessum númerum voru 89 fyrir járn, 60 fyrir jaspis (eitt með bæði jaspis og glerhalli), 40 fyrir glerhalla (þar af eitt með bæði jaspis og glerhalli), 19 fyrir flöguberg (allt brýni og einn vafagems), 14 fyrir gler (allt perlur utan eitt ungt rúðugler og eitt ungt flöskugler), 10

fyrir steina, sjö fyrir tinnu, sex fyrir silfur, sex fyrir bein, þrjú fyrir kléberg, þrjú fyrir geislastein, tvö fyrir blý, tvö fyrir brons eða kopar, tvö fyrir ungt leirtau, eitt fyrir sandstein, eitt fyrir gjall, eitt fyrir skel og svo silfurhúðun á fjórum perlum og möguleg gullhúðun á tveimur perlum.

Ef við gerum ráð fyrir því að allt járn sé innlend framleiðsla og jaspisarnir, glerhallarnir, steinarnir, beinin, sandsteinninn og gjallið sömuleiðis, en annað útlent þá er 81% af öllum efnisflokkum innlent og 19 erlendir af þeim gripum sem fundust 2017. Þá eru tvö ung glerbrot ekki talin með né heldur ung leirtausbrot tvö. Ef aðeins er miðað við gripi þá er munurinn ekki mikill (sjá mynd 13 og 14). Á Granastöðum á Eyjafjarðardal var hlutfall innlendra gripa heil 96,9% (Bjarni F. Einarsson 1995:96).

Til gamans má bera þetta saman við kotbýli í Landsveit sem var í byggð árin 1894–1934, en þar var hlutfallið öfugt, 12% var innlent og restin erlent efni. (Bjarni F. Einarsson 2017b:64).

Nú hafa samtals 23 perlor fundist (í reynd 22 þar sem tvö brot passa saman) á Stöð frá upphafi. Þetta eru býsna margar perlor miðað við að rannsóknum er hvergi nærri lokið. Til samanburðar þá fundust 15 perlor í Hólmi (tvær á bæjarstæðinu og 13 á blótstaðnum). Á Hofstöðum í Mývatnssveit fundust 28 perlor (Lucas 2009:309) og í Hrísbú 34 perlor (Zori o.fl. 2013:156). Á báðum stöðunum var búsetan mun lengri í húsunum en hún er talin vera í Stöð. Í stærsta skála sem rannsakaður hefur verið frá víkingaöld, Borg á Lofoten, fundust samtals 36 perlor, en þar af fundust 14 perlor inni í skálanum (Näsman 2003:231).



Mynd 16. Hér eru 9 af 12 perlum sem fundust sumarið 2017 í Stöð. Perlurnar sem vantar voru annarsvegar tvöföld dökk blá glerperla og perla úr steini (gjóskubergi?). Myndirnar eru teknar á vettvangi og gæðin eftir því. Hlutföll eru ekki rétt. (Ljós. BFE 2017).



Mynd 17. Silfurhringurinn frá Stöð úr Húsi 3. Sjá greypt skreyti á hliðunum. (Fnr. 117. Ljós. BFE 2017).

Sextán perlnanna eru úr gleri, ein úr *carnelian*, ein úr bergkristal, ein úr sandsteini, ein úr steini (gjóskubergi?), ein úr ógreindum eðal- eða hálfedalsteini og ein úr glerhalli (gæti þó verið úr gleri).

Fram að þessu hafa samtals níu gripir úr silfri fundist í Stöð, 3 sumarið 2016 og sex síðastliðið sumar. Samtals gera þetta 16,9 g. Af þessu eru tveir hringir, annar hluti af hálsfesti (fyrir perlu?) og hinn baugfingur, fjórar myntir (þá gætu myntirnar verið fimm ef hin meinta rómverska mynt úr bronsi er talin með) og þar af þrjár arabískar, einn snúinn silfurþráður og annar af skarti og einn gripur sem var borði úr ótilgreindum grip. Flestir silfurgripirnir gætu verið hluti af gangsilfri. Á Hrísbú fundust þrjú gripir úr silfri og þar af einn baugfingur (Zori 2010:463) og á Hofstöðum fundust einnig þrjú gripir úr silfri og þar af ein kinga eða men (Lucas 2009:253).

Gripategund sem vakið hefur mikinn áhuga okkar á Stöð eru slegnir gripir úr jaspis, glerhalli, tinnu og ópal. Í ljós kom að þeir eru slegnir af fólki með þeim ásetningi að búa til áhöld til að skera eða skrapa. Tæknin sem til þarf er flókin og krafðist verkþekkingar sem fólk hafði tekið með sér yfir hafið frá svæðum þar sem slík tækni var til staðar. Rannsóknir á slíkum gripum hafa ekki tíðkast almennt sökum þess að þá og þegar slíkir gripir finnast við járnaldarrannsóknir hafa þeir verið túlkaðir sem truflun í gripaflórunni. Þeir hafa verið heimfærðir til steinaldar eða bronsaldar og álitid að þeir hafi smitast inn í járnaldar-samhengið. Þessu er ekki til að dreifa á Íslandi og því geta rannsóknir á þessum gripum varpað nýju ljósi á verkmenningu járnaldar á öllu hinu norræna svæði. Nánar verður fjallað um gripi þessa í fylgiriti Kalle Thorsberg fornleifafræðings, en hann hefur rannsakað alla þessa gripi frá Stöð og frá öðrum völdum stöðum á Íslandi, (sjá meðfylgjandi skýrslu). Þessir gripir sýna að þeir hafa verið unnir á öðrum stað en í þeim húsum sem þeir fundust í, úti eða inni. Notkunin hefur þó farið fram í því húsi sem þeir



Mynd 18. Silfurmynt sem fannst í Húsi 3 á Stöð. Spansgrænan hefur komið af öðrum hlut og á yfirborðinu eru einnig hugsanlega jurtaleifar eða (Fnr. 144. Ljós. BFE 2017).



Mynd 19. Flaga úr jaspis. Þessi gripur er sleginn af fólki og tilefnið var að fá fram skerandi og skrapandi verkfæri, t.d. til að nota á mjúk efni svo sem skinn, fisk, tré o.s.frv. (Fnr. 242. Ljós. BFE 2017).



Mynd 20. Klippur *in situ* í húsi 2 (Fnr. 198). Eru þær nokkuð illa farnar og var þeim komið á Þjóðminjasafnið strax eftir að rannsókn lauk. Mælistikan er 10 sm löng. (Ljósm. BFE 2017).

fundust í. Sem dæmi um gripi má nefna flögu úr jaspis (Fnr. 242, mynd 19): „*Avslag av jaspis. Ryggen inte medvetet formad av en avspaltning utan genom en kombination av naturlig yta och avspaltning i annan riktning. Alltså inte ett spån utan ett spånliknande avslag med två eggjar som i materialet är ovanligt bra för skärande. Kantpreparering.*“³ (Kalle Thorsberg 2017).

Greiningin sýnir að fólk hefur slegið steinanna í höndum sér og á hörðu undirlagi, t.d. á steðja. Markmiðin með ásláttunni hafa verið að framleiða ýmsa gripi til nota við ýmis verkefni, allt frá skurðaráhöldum til skrapandi áhalda til eldsláttu.

Eins og oft er var járn áberandi í fundaflórunni á Stöð eða 89 fundanúmer. Gjarnan voru þetta smáir ógreinanlegir molar, en einnig voru þetta naglar, hnoðnaglar, skinnur eða þynnur, teinar og fáeinir meintir hnífar. Hugsanlega var eitt brot úr potti (Fnr. 245) og einn öngull (Fnr. 261). Fallegasti járngripurinn voru klippur (sauðaklippur!) sem lágu á gólfinu í miðskipi Húss 2 (Fnr. 198). Það voru einu tóvinnuáhöldin sem fundust þetta sumarið (áður hafa tveir snældusnúðar fundist, einn í Húsi 2 og annar í húsi 3).

Klippur af þessari gerð eru nokkuð algengar á járnöld og voru notaðar til að klippa þræði af ýmsu tagi svo sem úr ull, hör eða öðru lífrænu efni og við netagerð (sbr. klippur frá Þorlákshöfn; Sarpur BÁ-2678). Heytið sauðaklippur er of gildishlaðið og því ekki rétt að nota það hér. Flestar hafa klippur af þessari gerð fundist í kumlum hér á landi eða 8 stykki (Kristján Eldjárn 2000:398). Fjórar klippur hafa fundist í fornbæjum (Kristján

³ Flaga úr jaspis. Hryggurinn ekki meðvitað formaður með slögum, heldur er hann blanda af náttúrulegu yfirborði og slögum í aðra átt. Sem sagt ekki spónn heldur spónlík flaga með tveimur eggjum sem eru óvenju góðar til skurðar. Kanntar eru unnir (tilhöggvir. Ísl. þýðing BFE 2017 úr skýrslu Kalle Thorsberg).


Eldjárn 2000:398-99), en þær eru frá Hríshheimum í Mývatnssveit sem fundust um 1907 (Þjms. 5440), Kóngshól á Rangárvöllum (finnst ekki í Sarpi), Hvítárholti í Biskupstungum (Þjms. 743) og Hofstöðum í Garðabæ [Líklega skæri. Þjms. 1994-364-211. Sagður vera frá Hofstöðum í Mývatnssveit í Kristjáni Eldjárn 2000]. Líklega hafa þó brot úr fleiri klippum fundust, en oft er erfitt að ákvarða með vissu þegar svo ber undir.

Nítján brýni fundust á Stöð sumarið 2017 og öll voru þau úr erlendu flögubergi (no: *skifer*), en eitt var vafagengi hvað efnið varðar. Slíkt berg er að finna í Noregi og á bresku eyjunum og var algeng verslunarvara á járnöld.

Nokkuð minna fannst af klébergi þetta sumar eða átta brot undir þremur númerum. Eitt brotanna var ekki hægt að greina frekar, eitt var úr grýtu og sex brot tilheyrðu grip sem ekki liggur ljóst fyrir til hvers var (mynd 18). Hugsanlega er þetta kola, en þá koma götin tvö spánskt fyrir sjónir. Kolar sem svipar til griparins hafa fundist á bresku eyjunum, eins og t.d. á *Jarlshof* á Orkneyjum. Munurinn er þó sá að götin eru á eyrunum á Orkneyjarkolonum, en ekki í sjálfum bollanum. Voru götin til að festa upphengibúnað í og kannski var öðruvísi upphengibúnaður hafður á þessum grip! (Sjá mynd 21).

Ýmsir gripir voru úr íslensku bergi, en það voru skrautsteinar, tálgaðir steinar, hugsanleg kola, steinar með gati, skífur og eitt steinasörvi (perla). Steinarnir með gati voru tveir og mjög svipaðir og álíka steinar frá Hólmi í Nesjum, A-Skaftafellssýslu. Um hlutverk þessara steina er ekki vitað en stungið hefur verið upp á því að þeir hafi verið hluti af tóvinnuáhöldum, til heilla fólki eða smámyndir (*miniatur*) af kljásteinum (Bjarni F. Einarsson 2015:278. Sjá mynd 21). Enn einn möguleikinn væri að þetta væri leikfang, steinn sem settur er á snúru og honum snúið hratt til að mynda hljóð.

Eins er um tilhöggna skífu, hlutverk hennar er á huldu. Slíkir steinar finnast á nokkrum stöðum á Íslandi, eða fjórum svo að vitað sé. Þeir eru frá Ísleifsstöðum í Borgarfirði, Suðurgötu 3-5 í Reykjavík, Herjólfssdal í Vestmannaeyjum og Hólmi í Nesjum. Getum hefur verið leitt að því að þeir kunni annaðhvort að vera verndargripir eða spilaskífur og jafnvel undirstaða (diskur) undir verndargripi (sami 2015:287 og 393-94. Sjá mynd 29).



Mynd 21. Tilgátumynd af grip nr. 128. Brotinu er speglað og fyllt í eyðurnar á milli með brúnum lit. Upprunalega brotið sést uppi til vinstri.

Algengur gripur sem finnst í fornum minjum á Íslandi eru erlend brýni úr flögubergi. Nú hafa samtals fundist 27 brýni við rannsóknirnar á Stöð. Þetta er býsna há tala og til samanburðar þá fundust 11 brýni samtals í Hólmi í Nesjum (Bjarni F. Einarsson 2015:386). Á Granastöðum á Eyjafjarðardal fundust fjögur brýni og öll smá (sami 1995:98). Á Hofstöðum í Mývatnssveit fundust samtals 16 brýni frá víkingaöld (800–1050 e. Kr.) auk 14 yngri brýna. Einnig er eftirtektarvert hve stór brýnin eru frá Stöð, eða vel farin öllu heldur. Í Húsi 1 (smiðja) hafa fundist tvö brýni fram að þessu. Í Húsi 2 (skáli) hafa fundist 18 brýni og í Húsi 3 (eldri skála) hafa fundist tvö brýni. Brýni sem hafa fundist í Húsi 2 eða 3 eru þrjú og utan við þessi hús (lausafundir og yngra húsi) hafa fundist þrjú brýni. Öll þessi brýni eru erlend (einn vafagæmsi). Þyngst brýnanna var 310 g (Fnr. 42) og næst þyngst var 144 (Fnr. 263). Þyngsta brýnið frá Granastöðum var 10,8 g (Bjarni F. Einarsson 1995:198) og frá Hofstöðum var eitt brýni lang þyngst eða 293 g og næst var brýni sem vó 81 g. Önnur voru mun léttari. (Lucas 2009:296-97).

Nokkrir gripir fundust í mjög litlum mæli á Stöð, en það voru bein, ópall, sandsteinn, ein skel (líklega kúskel) og nokkur brot af blýi og kopar/brons. Hinum síðasttöldu var ekki hægt að bjarga sökum þess hve eyddir þeir voru. Þó er hugsanlegt að tveir gripir sem hægt var að bjarga séu úr kopar en það voru mylla sem fannst í áfokslögum (Fnr. 31) og koparbrot úr áfokslagi sem gæti verið með skreyti (Fnr. 32). Gripirnir fundust mjög nálægt hvor öðrum og gætu því hafa verið hluti af sama grip.


5 Aldursgreiningar

Viðargreiningar og C-14 sýni

Samtals voru 11 viðarkolasýni tekin við rannsóknirnar, eitt úr profuholum 1, 2a og 2b, tvö úr húsi 2 og sex úr húsi 3. Öll sýnin voru send í viðartegundagreiningu til dr. Ólafs Eggertssonar á Skógræktarmiðstöðinni á Mógilsá (sjá viðhengi).

Sýnin reyndust vera úr birki, víði, lyngi, einir og barrviði. Bestu sýnin voru valin til að senda áfram til C-14 aldursgreiningar til Beta Analytic Inc. Voru þau þrjú, tvö úr birki og eitt úr eini (sýni 6, 7:a og 13).

Sýni 6 (birki, Beta-473864) var tekið úr gólfi Húss 3 og var óleiðrétt 1140 BP ± 30 (ár fyrir nútíma 1950). Leiðrétt samkvæmt 1 sigma (95% öryggi) var það frá árunum 775–790 eða 800–980 e.Kr. Eiginaldur sýnisins



Mynd 22. Niðurstaða greiningar á sýni 6 úr gólfi Húss 3, elsta húsinu.

var 14 ár. C13/C12 gildið var 26,6 ‰.

Sýni 7:a (birki, Beta-473865) var tekið úr Prh. 2a og var óleiðrétt 1090 ± 30 BP. Leiðrétt samkvæmt 1 sigma var það frá árunum 890–1015 e.Kr. Eiginaldur sýnisins var 6 ár. C13/C12 gildið var 26,3 ‰.

Sýni 13 (einir, Beta-473866) var tekið úr gólfi Húss 3 og var óleiðrétt 1130 ± 30 BP. Leiðrétt samkvæmt 1 sigma var það frá árunum 780–790 eða 870-985. Eiginaldur sýnisins var 15 ár. C13/C12 gildið var 23,2 ‰.

Engra hafrænna áhrifa gætir í niðurstöðunum (sem gerir þær eldri en ella séu þau til staðar). Öll sýnin eru leiðrétt samkvæmt Talma, A.S., Vogel, J.C. 1993.

Sé leiðréttingarforritið OxCal 4,2 notað er hægt að sundurgreina niðurstöðuna ögn nákvæmar og þá er niðurstaðan eftirfarandi: (Bronk Ramsey, C. 2009).

Sýni 2017-6

Beta-473864. (1140±30)
68.2% probability
880AD (68.2%) 970 AD

95.4% probability
776AD (5.5%) 792 AD
802AD (11.3%) 848 AD
854AD (78.6%) 981 AD

Sýni 2017-7a


Beta-473865. (1090±30)
68.2% probability
898AD (24.2%) 924 AD
945AD (44.0%) 990 AD

95.4% probability
892AD (95.4%) 1014 AD


Sýni 2017-13

Beta-473866. (1130±30)
68.2% probability
888AD (68.2%) 969 AD


95.4% probability
777AD (3.2%) 791 AD
805AD (5.6%) 842 AD
860AD (86.6%) 988 AD



Mynd 23. Niðurstaða úr sýni 7a sem tekið var úr gólfi Húss 5 sem fannst í Prh. 2a-b.



Mynd 24. Niðurstaða úr sýni 13 sem tekið var úr gólfi Húss 3, elsta húsinu.



Mynd 25. Díagram yfir allar C-14 niðurstöður fram að þessu á Stöð.

Enn eru C-14 niðurstöðurnar úr Húsi 3 gamlar með sama fyrirvara og var í skýrslu II um sjálfa leiðréttingarkúrfuna sem er erfið fyrir 9. öldina. Þær eru þó nokkrum áratugum yngri. Fyrstu tvær greiningarnar frá 2015 og 2016 gáfu eftirfarandi niðurstöður:

Sýni 2015-16: 1

Beta-426851. (1170±30)
68.2% probability
777AD (11.1%) 793 AD
801AD (57.1%) 892 AD

95.4% probability
771AD (80.8%) 903 AD
918AD (14.6%) 965 AD

Sýni 2016:6

Beta-451446. (1180±30)
68.2% probability
777AD (11.7%) 792 AD
801AD (31.9%) 846 AD
852AD (24.6%) 886 AD

95.4% probability
730AD (0.7%) 736 AD
768AD (87.5%) 900 AD
920AD (7.2%) 951AD

Draga mætti þá ályktun út frá niðurstöðunum að elsta húsið hafi verið í notkun eitthvað fram á sjálfa landnámsöldina þegar eiginleg búseta hefst á Íslandi. Greiningin úr Prh. 2a sýnir að það hús (Hús 5) hefur líklega tilheyrð tíma yngri skálans, Húsi 2, sem er hinn eiginlegi landnámskáli í merkingunni föst heilsársbúseta, þar sem hefðbundinn búskapur hefur átt sér stað. C-14 greining hefur þó ekki enn verið gerð úr sýnum úr húsinu, en af gripum og gjóskulögum má þó ráða að Hús 2 er frá 10. öld.

Gjósku- og jarðvegssýni

Í skýrslu I kom fram að Öræfajökull-1362 og Veidivötn-1444 gjóskulög lágu vel yfir rústunum öllum, einnig þeim sem fundust í prufuholum 2 og 3. Í sumar voru þrjú gjóskusýni tekin á svæðinu. Tvö úr húsi 2 eða við það og eitt undir vegg húss 3. Öll voru þau send í greiningu til próf. Þorvaldar Þórðarssonar í Háskóla Íslands, en niðurstöður liggja ekki enn fyrir.

Gjóskusýni sem tekið var 2015 (nr. 2) og sex gjóskusýni sem tekin voru 2016 eru nú greind. Sýnið frá 2015 var tekið úr streng Húss 3 og er hugsanlega frá Hallmundarhraungosinu (Langjökulssvæðið) á 9. öld. C-14 greiningar tímasetja það einhverntímann á bilinu 780–860.

Sýni sem tekið var ofan við grjóthrúgu í Húsi 1 (kallað smiðja), var að stofni til frá Bárðabungukerfinu og svipað og Landnámslagið sem féll 871 ± 2 . Þessi niðurstaða breytir fyrri aldursgreiningu á Húsi 1 og allt bendir nú til þess að það tilheyri Húsi 3. Hvort það var hluti af húsinu sjálfu eða sjálfstætt standandi hús við gafil þess er ekki vitað nú, en það verður kannað næsta sumar.

Greining á tveimur gjóskusýnum úr veggjum Húsa 2 og 3 gáfu eftirfarandi niðurstöður.

Hús 2, sýni 9. Sýnið var tekið úr gjóskulagi í torfstreng sem lá nokkuð neðarlega í veggnum. Reyndist það vera blandað lag úr þremur gosum frá fyrri hluta 9. aldar.

Seinna sýnið, sýni 10, var einnig tekið úr torfstreng sem var ofan við fyrri strenginn. Reyndist það vera úr fimm mismunandi gosum frá 9. öld og eitt þeirra var Landnámslagið frá 871 ± 2 .

Hús 2 er því byggt eftir 871 ± 2 .

Hús 3, sýni 7. Sýnið var tekið úr gjóskulagi neðarlega úr streng í torfvegg hússins. Gjóska er úr Kötlu, líklega frá því mjög skömmu fyrir Landnámsgjóskuna, eða frá miðri 9. öld.

Seinna sýnið úr Húsi 3, sýni 8, var tekið úr gjóskulagi rétt ofan við það fyrra. Var það úr Grímsvatnakerfinu og áætlaður aldur um 860. Ekki fannst



Mynd 26. Sýnatökustaðir í vegg Húss 2. Neðri pílán sýnir sýnatökustað sýnis 9 og efri pílán sýnis 10. (Stafrænar myndir nr. 212. Horft mót NV. Ljós. BFE 2016).



Mynd 27. Sýnatökustaðir í vegg Húss 3. Pílan til hægri sýnir sýnatökustað sýnis 8 og sú til hægri sýnis 9. (Stafrænar myndir nr. 211. Horft mót NV. Ljós. BFE 2016).

gjóska úr Landnámslaginu sem bendir til þess að húsið sé byggt fyrir 871±2.

Að lokum var sýni sem tekið var undir vegg Húss 3 greint sem sama gjóska og fundist hafði árið 2015 í vegg. Er það frá Hallmundarhraungosinu einhverntíman á árunum 780 - 960.

Þessar niðurstöður benda til þess að búseta á Stöð hafi hafist fáeinum áratugum fyrir hið eiginlega landnám og stuttur tími liðið frá því að Hús 3 var aflagt og Hús 2 byggt beint ofan á því.

7 Niðurstæða

Allt bendir til þess að búseta hafi hafist á Stöð nokkrum áratugum fyrir hið eiginlega landnám. Hús 3, og smiðjan, eru eldri en 871± og hafa því væntanlega tilheyrt sama búsetuskeiði. Hús 2, 4 og 5 hafa að líkum verið samtíða og það eru leifar hins eiginlega landnáms á Stöð. Fleirri húsa frá þessu skeiði er að vænta í túninu við skálana.

